



Foreldrakönnun Skólapúlsins 2021

Foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins er lögð fyrir annað hvert ár og framkvæmd í febrúar. Svarhlutfallið var 95,2% eða 20 foreldrar. Foreldrakönnuninni er skipt upp í sex efnisþætti og eru niðurstöður fimm þeirra hér fyrir neðan. Sjötti efnisþátturinn eru opin svör og eru þau ekki birt hér. Niðurstöður einstakra matsþátta eru settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum.

Efnisþættirnir fimm eru daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok leikskólagöngu og sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta. Hver efnisþáttur samanstendur svo af mismörgum matsþáttum.

1. Daglegt leikskólastarf

Matþættir	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands-meðaltal	Mismunur
1.1 Ánægja með leikskólann	90,0%	18/20	93,0%	-3,0%
1.2 Ánægja foreldra með stjórnun	94,7%	18/19	96,1%	-1,4%
1.3 Ánægja barnsins í leikskólanum	100,0%	17	95,4%	4,6%
1.4 Hæfilegur fjöldi barna á deild	82,4%	14/17	87,1%	-4,7%
1.5 Sérþarfir í mataræði	21,1%	4/19	15,0%	6,1%
1.6 Hollt mataræði	100,0%	20	94,4%	5,6%
1.7 Ánægja með húsnæði og aðstöðu	73,7%	14/19	91,5%	-17,86%

Í flokknum *daglegt leikskólastarf* kemur fram að ánægja foreldra með daglegt starf er í þremur þáttum hærra en í viðmiðunarskólum og fjórum þáttum hærra en í síðustu foreldrakönnun 2019. Fjórir þættir mælast undir viðmiðunarskólum og þá sérstaklega ánægja með húsnæði og aðstöðu sem vonandi er hægt að koma til móts við með nýrri leikskólabyggingu á Hofsósi. Afar ánægjulegt er að sjá að foreldrum upplifa 100% ánægju barnsins í leikskólanum og 100% ánægja er með hollustu mataræðis í Tröllaborg.

2. Námsumhverfi

Matþættir	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands-meðaltal	Mismunur
2.1 Vinnubrögð	100,0%	12	89,7%	10,3%
2.2 Aðstaða	86,7%	13/15	92,8%	-6,1%
2.3 Félagsleg samskipti	87,5%	14/16	95,3%	-7,8%
2.4 Þátttaka án aðgreiningar	100,0%	18	97,1%	2,9%

Í flokknum *námsumhverfi* kemur fram að helmingur matsþátta er hærra en í viðmiðunarskólum. Aðstaða kemur ver út í ár en í fyrri könnun frá 2019 og er lægra en í viðmiðunarskólum. Með nýrri leikskólabyggingu á Hofsósi verður aðstaðan öll betri en í núverandi húsnæði. Foreldrar upplifa að félagsleg samskipti hafa hrakað síðan í síðustu könnun (var þá 100%) og erum við lægri í þeim þætti en í viðmiðunarskólum. Ástæðuna gæti m.a. verið að finna í COVID-19 ástandinu en þetta þurfum við að skoða betur.

3. Samskipti við foreldra

Matþættir	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands-meðaltal	Mismunur
3.1 Upplýsingamiðlun	82,4%	14/17	73,9%	8,5%
3.2 Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans	89,5%	17/19	81,0%	8,5%
3.3 Tengsl við starfsfólk leikskólans	100,0%	17/19	90,5%	9,5%
3.4 Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	71,4%	10/14	65,9%	5,5%
3.5 Tímasetning viðburða	81,2%	13/16	87,0%	-5,8%
3.6 Heimasíða leikskólans	95,0%	19/20	84,9%	10,1%

Í flokknum *samskipti við foreldra* kemur fram að ánægja með samskipti við foreldra eru í fimm af sex skiptum yfir landsmeðaltali en hefur lækkað örlítið frá síðustu foreldrakönnun frá 2019. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu hefur hækkað frá síðustu könnun og er það mjög gleðilegt. Tímasetning atburða er undir viðmiðunarskólum og hefur ánægjan lækkað töluvert frá 2019. Við þurfum að skoða þetta nánar en sökum COVID-19 hefur leikskólinn ekki getað haldið foreldrafundi, viðburði né boðið foreldrum í heimsókn en vonandi sjáum við fram á betri tíma á næstu mánuðum.

4. Upphaf og lok leikskólagöngu

Matþættir	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands-meðaltal	Mismunur
4.1 Leikskólabyrjun	60,0%	3/5	72,8%	-12,8%
4.2 Flutningur milli skólastiga	-	-	-	-
4.3 Flutningur milli deilda	100,0%	1	91,3%	8,7%

Þættinum *upphaf og lok leikskólagöngu* svara fáir og gildir því hvert svar ansi mikið miðað við viðmiðunarskólana. Ánægjulegt er að sjá mikla hækkun á matþættinum leikskólabyrjun en ánægja hefur aukist mjög mikið frá síðustu foreldrakönnun en þá var niðurstaðan 14.3% en er nú 60% ánægja.

5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

Matþættir	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands-meðaltal	Mismunur
5.1 Hlutfall sérkennslu og stuðnings	15,8%	3/19	14,4%	1,4%
5.2 Hlutfall sérfræðipjónustu	30,0%	6/20	10,3%	19,7%

Í efnisflokknum um *sérstakan stuðning og sérfræðipjónustu* svara fáir og gildir því hvert svar ansi mikið miðað við viðmiðunarskólana. Tröllaborg er með hærra hlutfall sérkennslu og stuðning sem og hlutfall sérfræðipjónustu miðað við landsmeðaltal.